Starfsáætlun Kópavogsskóla

Skólaárið 2022-2023



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Efnisyfirlit

Starfsáætlun 4
Stjórnskipulag skólans 4
Starfsfólk 6
Skóladagatal 2022-2023 8
Helstu viðburðir skólaársins 2022-2023 9
Tilhögun kennslu 12
Stuðnings- og sérkennsla 13
Lestur 13
LOGOS 14
Heimanám 15
Starfsáætlun nemenda 15
Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla 16
Val nemenda í 8.-10. bekk 18
Skólabragur – skólareglur 18
Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð 20
Skólaráð 20
Foreldrafélag 21
Skipulag foreldrastarfs 21
Dagskrá vetrarstarfs foreldrafélags 2022-2023 22
Nemendaráð 23
Foreldrasamstarf 24
Mat á skólastarfi 24
Innra mat 24
Ytra mat sveitarfélaga 25
Ytra mat menntamálaráðuneytis 25
Viðfangsefni innra mats 26
Umbótaáætlun 2022-2023 26
Stoðþjónusta 28
Tómstundastarf og félagslíf 28
Dagatal félagsmiðstöðvar 29
Starfsþróunaráætlun 2017-2022 31

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Rýmingaráætlun 40
Viðbrögð við vá 41
Óveður 41
Viðbrögð vegna veikindafaraldurs 42
Viðbrögð vegna jarðskjálfta 42
Fyrstu viðbrögð vegna eldgosa 42
Skólaakstur 42
Skólamáltíðir 43
Aðrar upplýsingar 43

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Starfsáætlun

Í *Lögum um grunnskóla nr. 91/2008* er tilgreint í 29. grein að skólar skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Kópavogsskóli hefur birt skólanámskrá sína og starfsáætlun á www.kopavogsskoli.is til margra ára og svo verður áfram. Í þessari útgáfu starfsáætlunarinnar er áhersla lögð á þau atriði sem tilgreind eru í 29. grein *Laga um grunnskóla* og talin eru upp í *Viðmið fyrir starfsáætlun grunnskóla Kópavogs* sem unnið var af Menntasviði Kópavogs.

Fyrsti starfsmannafundur skólaársins 2022-2023 er mánudagurinn 15. ágúst en fyrsti skóladagur nemenda er þriðjudagurinn 23. ágúst. Foreldra- og nemendaviðtöl verða í október og febrúar. Formleg próf unglingastigs eru í maí og skólaslit verða 8. júní 2023. Alls verða um 360 nemendur í skólanum á skólaárinu og nemendahópar í árgangi einn til þrír eftir fjölda nemenda. Einnig er námsver (sérdeild) fyrir nemendur í 5. – 10. bekk í grunnskólum Kópavogs og í því eru í upphafi skólaársins 9 nemendur. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 07:45-15:00 alla daga nema föstudaga en þá lokar skrifstofan kl. 14:45.

Skólaárið 2022-2023 verður vetrarleyfi dagana 24. og 25. október og 23. og 24. febrúar. Á skólaárinu eru 10 dagar sem eru með sveigjanlega stundaskrá en heimild er fyrir því í *Lögum um grunnskóla,* 28. gr., og samþykkt frá menntaráði Kópavogs. Þeir dagar eru sérstaklega merktir á skóladagatali foreldrum til hægðarauka.

Nánar er gerð grein fyrir skipulagi skólaársins í skóladagatali skólans sem er aftar í starfáætluninni.


Stjórnskipulag skólans

Kópavogsskóli er heildstæður grunnskóli með 10 árgöngum sem er skipt í smærri nemendahópa og umsjónarkennarar í árgangi eru einn til þrír. Leitast er við að vinna með árganga sem eina heild og það gengur upp að ákveðnu marki því stærð kennslustofa býður ekki upp á stóra nemendahópa. Áhersla er á mikið samstarf kennara bæði innan árganga og þvert á árganga. Skólastjóri frá 1. okt. verður Guðný Sigurjónsdóttir og frá sama tíma verður Elísabet Pétursdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri fyrir 6. - 10. bekk. Bergdís Finnbogadóttir er deildarstjóri fyrir 1. - 5. bekk.

Kennsla hefst klukkan 8:00 og lýkur hjá þeim sem lengst eru um klukkan 15:00. Frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk er opin til kl. 17 alla virka daga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skipurit Kópavogsskóla



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Starfsfólk


Nafn	Starfsheiti	Netfang
Ada Kozicka	Frístundaleiðbeinandi	ada@kopavogsskoli.is
Aðalheiður Halldórsdóttir	Grunnskólakennari	adalheidurh@kopavogsskoli.is
Aferdita Hoti	Skólaliði	hoti@kopavogsskoli.is
Alexandra Gunnarsdóttir	Forstöðumaður frístundar	alexandrag@kopavogur.is
Andri Þór Kristjánsson	Grunnskólakennari	andri.kristjans@kopavogsskoli.is
Anna Björg Pálsdóttir	kennari	annap@kopavogsskoli.is
Anna Guðný Ólafsdóttir	grunnskólakennari	annagudny@kopavogsskoli.is
Anna Kapitola Engilbertsdóttir	Kennari	annake@kopavogur.is
Anna María Guðmundsdóttir	Ritari	annamariag@kopavogur.is
Anna Þórðardóttir	Sérkennari	annath@kopavogsskoli.is
Arnheiður Magnúsdóttir	Skólaliði	adda@kopavogsskoli.is
Atli Dagur Ásmundsson	Frístundaleiðbeinandi	atlidagur@kopavogur.is
Árný Jóna Stefánsdóttir	Grunnskólakennari	arnys@kopavogsskoli.is
Ásdís Sigurgeirsdóttir	Skólaliði	disa@kopavogsskoli.is
Ásta María Ómarsdóttir	Safnstjóri skólabókasafns	astam@kopavogsskoli.is
Ásta Mikkaelsdóttir	framhaldsskólakennari	astmik@kopavogsskoli.is
Ásta Sigrún Gylfadóttir	grunnskólakennari	astag@kopavogsskoli.is
Ástríður Kristín Bjarnadóttir	leiðbeinandi	asta.kristin@kopavogur.is
Bergdís Finnbogadóttir	Deildarstjóri yngra stigs	bergdisf@kopavogsskoli.is
Birna Björnsdóttir	grunnskólakennari	birnab@kopavogsskoli.is
Birna Vilhjálmsdóttir	grunnskólakennari	birnavi@kopavogsskoli.is
Björk Hafliðadóttir	Grunnskólakennari	bjorkh@kopavogsskoli.is
Dagný Hrund Árnadóttir	grunnskólakennari	dagnyhrund@kopavogsskoli.is
Einar Jóhann Heimisson	Frístundaleiðbeinandi	einarh@kopavogsskoli.is
Elín Erna Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi	elinerna@kopavogur.is
Elísabet Pétursdóttir	Aðstoðarskólastjóri	elisabetp@kopavogsskoli.is
Elma Lára Auðunsdóttir	Frístundaleiðbeinandi	elmalara@kopavogsskoli.is
Eyrún Björk Svansdóttir	skólahjúkrunafræðingur	kopavogsskoli@heilsugaeslan.is
Eyrún Rakel Agnarsdóttir	Talmeinafræðingur	eyrunrakel@gmail.com
Gísli Þór Gíslason	leiðbeinandi	gislig@kopavogur.is
Gísli Ölversson	Frístundaleiðbeinandi	gisliolversson@kopavogur.is
Gróa Ingibjörg Grétarsdóttir	grunnskólakennari	groag@kopavogsskoli.is
Guðný Sigurjónsdóttir	Skólastjóri	gudnys@kopavogsskoli.is
Guðrún I Hálfdanardóttir	Sérkennari	gudrunih@kopavogsskoli.is
Halldór Hlöðversson	stundakennari	halldorh@kopavogsskoli.is
Halldóra Björk Sölvadóttir	Sérkennari	halldoras@kopavogsskoli.is
Hanna Sledziewska	Matráður ll	hannasl@kopavogsskoli.is
Hauður Kristinsdóttir	grunnskólakennari	haudurk@kopavogsskoli.is
Helga Björnsdóttir	skólaliði	helgabj@kopavogsskoli.is
Herdís Guðmundsdóttir	Kennari	herdisgu@kopavogsskoli.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Hildur Elfa Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	hildureb@kopavogsskoli.is
Hulda Hrönn Ágústsdóttir	grunnskólakennari	huldaa@kopavogsskoli.is
Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir	Grunnskólakennari	johannao@kopavogsskoli.is
Jóhanna Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari	johannakrist@kopavogur.is
Katerina Vjatkina	Frístundaleiðbeinandi	katerina@kopavogsskoli.is
Lenka Zimmermannova	grunnskólakennari	lenkaz@kopavogsskoli.is
Magnús Alfonsson	Grunnskólakennari	magnusa@kopavogsskoli.is
Margrét Inga Bjarnadóttir	grunnskólakennari	margretinga@kopavogsskoli.is
Natasa Radivojevic	Frístundaleiðbeinandi	natasar@kopavogsskoli.is
Oddný Þóra Baldvinsdóttir	Grunnskólakennari	oddnyb@kopavogsskoli.is
Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir	Grunnskólakennari	olofj@kopavogsskoli.is
Ólöf Katrín Þórarinsdóttir	Grunnskólakennari	olofkatrin@kopavogsskoli.is
Ólöf Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari	olofk@kopavogsskoli.is
Ragnar Gíslason	kennari	ragnarg@kopavogur.is
Ragnar H. Róbertsson	framhaldsskólakennari	ragnarr@kopavogsskoli.is
S. Arnar Gunnarsson	Grunnskólakennari	stefanag@kopavogur.is
Sandra Cristina Oliveira Alves	Stuðningafulltrúi	sandrac@kopavogur.is
Sigurbjörg J Hilmarsdóttir	skólaliði	sigurbjorgj@kopavogsskoli.is
Sigurður Þ Kjartansson	húsvörður	sigurdurk@kopavogsskoli.is
Silvía Rán Ásgeirsdóttir	Skólaliði	silviaa@kopavogsskoli.is
Skarphéðinn Þór Hjartarson	framhaldsskólakennari	skarpi@kopavogsskoli.is
Sólveig Magnúsdóttir	grunnskólakennari	solveigmag@kopavogsskoli.is
Svala Helga Sigurðardóttir	Iðjuþjálfi	svalas@kopavogsskoli.is
Svanborg Ísberg	grunnskólakennari	isberg@kopavogsskoli.is
Sveinn Oddur Sigurðsson	matráður	sveinno@kopavogsskoli.is
Svetlana Trifunovic	Skólaliði	svetlanat@kopavogsskoli.is
Svitlana Ilgius	Skólaliði	svitlanai@kopavogsskoli.is
Þórdís Bragadóttir	Sálfræðingur	thordisb@kopavogur.is
Þórey Dagmar Möller	kennari	thoreym@kopavogsskoli.is
Þórunn Erla Einarsdóttir	Grunnskólakennari	thorunnerla@kopavogsskoli.is
Þórunn Soffía Snæhólm	Frístundaleiðbeinandi	thorunnsoffias@gmail.com
Æsa Skeggjadóttir	grunnskólakennari	aesas@kopavogsskoli.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skóladagatal 2022-2023



Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Helstu viðburðir skólaársins 2022-2023

Helstu dagsetningar skólaársins 2022-2023

Allar dagsetningar eru með fyrirvara um breytingar

Ágúst	dagsetning	
	23., 30.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
	3	starfsmenn koma til starfa að loknu sumarleyfi
	3.-4.	Námskeið starfsmanna (annarra en kennara) skipulagt af Menntasviði
	8.-11.	Endurmenntunarnámskeið kennara - skipulagt af Menntasviði
	15	Kennarar koma til starfa - kennarafundur kl. 9:00
	23	Skólasetning
	23	Einstaklingsviðtöl kennara og foreldra/nemenda í 1. bekk
	24	Hópefli árganga
	25. - 26.	Fjölgreindaleikar - hópefli á öllum skólastigum
	29. ágúst - 2. sept	Slóvenskir kennarar í heimsókn

September	dagsetning	
	6., 13., 20., 27	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
	15	Sameiginlegur fundur skólaráðs og stjórnar foreldrafélagsins
	19.-23.	Skólakynningar hjá öllum árgöngum
	20	Nemendur 5. bekkjar á tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands
	21	Nemendur 4., 6. og 7. bekkja á tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands
	27	KVAN - samskiptafræðsla fyrir 5. bekk
	27.9-4.10.	Erasmus - Spánn í heimsókn
	5. bekk	Fokk you - fokk me - forvarnafræðsla fyrir nemendur í 8. bekk
		Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Október	dagsetning	
	4., 11., 18.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
	19	Foreldraviðtöl
	20	Skipulagsdagur - frístund opin
	21	Skipulagsdagur - frístund lokuð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

24., 25.	Vetrarleyfi
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Nóvember	dagsetning
1., 8., 15., 22., 29.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
1	Vertu ástfangin af lífinu - fræðsla fyrir 10. bekk
4	Fundur skólaráðs
7.-11.	Skólabúðir 9. bekkjar að Laugarvatn
14.-18.	Skólabúðir 7. bekkjar að Reykjum
14-18	Þemadagar í 1.-7. bekk - Bræðingur á unglingastigi
16	Dagur íslenskrar tungu
25	Samtökin 78 með fræðslu fyrir nemendur í 6. bekk
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Desember	dagsetning
6., 13.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
7	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
16	Jólamatur/rauður dagur
19	Jólaball unglinga um kvöldið
20	Litlu jól
21	Jólaleyfi hefst
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Janúar	dagsetning
3., 10., 17., 24., 31.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
3	Skipulagsdagur
4	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
10	Fundur skólaráðs
20	Þorraboð - pabbar og afar í heimsókn
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Febrúar	dagsetning
7., 14., 21., 28.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

1	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
13	Foreldradagur
17	Konudagskaffi - ömmur og mömmur í heimsókn
22	Öskudagur
23	Vetrarleyfi
24	Vetrarleyfi
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Mars	dagsetning
7., 14., 21., 28.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
1	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
8	Fundur skólaráðs
14	Dagur stærðfræðinnar
15	Skipulagsdagur - frístund lokuð
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Apríl	dagsetning
11., 18., 25.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
12	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
30	Árshátíð unglingastigs um kvöldið
31	Árshátíð
3.-10.	Páskaleyfi
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Maí	dagsetning
2., 9., 16., 23., 31.	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
3	Fundur skólastjórnenda og stjórnar foreldrafélgsins
19	Skipulagsdagur
15.-17.	Námsmatsdagar á unglingastigi
22	Fundur skólaráðs
	Bræðingur II
	Mánudagsfræðsla kl. 15-16

Júní	dagsetning

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

6	Kennara/starfsmanna/fræðslu/nemendafundir
8	Skólaslit
9. og 12.	Frágangsdagar kennara
9	Síðasti dagur frístundar
13	Sumarleyfi kennara hefst
21	Sumarleyfi starfsmanna hefst

Allar dagsetningar eru með fyrirvara um breytingar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Tilhögun kennslu

Kennsla í Kópavogsskóla er að hluta skipulögð fyrir árganginn í heild en vegna húsnæðismála eru hópar hvers árgangs tveir og tveir kennarar með mikið samstarf. Teymiskennslu hefur verið aukin markvisst undanfarin ár og færist ofar í skólann með hverju árinu. Markmiðið er að auka jákvæð samskipti nemenda og fá þá til að líta á sig sem hluta af stærri heild. Á þemadögum er hópum blandað saman þvert á deildir og aldur til að auka fjölbreytni ásamt því að lögð er áhersla á ýmsar uppákomur og heimsóknir utanaðkomandi aðila. Nemendur skólans fara í náms- og kynnisferðir á hverju skólaári og nýta sér þá þjónustu Strætó en rútur ef um lengri ferðir er að ræða. Hefð er fyrir því að nemendur 7. bekkjar fara í fimm daga ferð í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði og nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir að Laugarvatni.

Nemendur 10. bekkjar fá markvissa kynningu á framhaldsskólum og heimsækja suma þeirra síðasta ár sitt í grunnskóla. Nemendur í 9. og 10. bekkjar hafa í vissum tilfellum stundað nám utan skólans. Þar er um að ræða skipulagt nám sem metið er til valgreina í 9. og 10. bekk, einingabært nám í framhaldsskólum og starfsnám í fyrirtækjum ef það hentar.

Kennsluáætlanir eru birtar á svæðum foreldra og nemenda á mentor.is og stundum eru þær sérsniðnar að ákveðnum nemendum vegna sérþarfa þeirra. Yfirlit fyrir hverja önn í öllum námsgreinum er birt á vefsíðu Kópavogsskóla. Margir nemendur eru með einstaklingsnámskrá sem unnin er í samstarfi bekkjarkennara, sérkennara og foreldra.

Kópavogsskóli hefur að markmiði að kenna nemendum að leggja sig fram og vanda sig við öll verkefni sem þeir taka sér fyrir hendur. Þar má nefna próf, verkefni og jákvæð samskipti.

Stuðnings- og sérkennsla

Kópavogsbær úthlutar á hverju skólaári viðbótarkennslustundum vegna nemenda með sérþarfir. Til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda er skipulagi sérkennslunnar í skólanum þannig háttað að gerð er sérstök áætlun fyrir hvern nemanda sem þarf einstaklingsnámskra. Einnig eru gerðar áætlanir fyrir nemendahópa sem hlýta stuðning í skemmri tíma. Í áætlununum koma fram markmið námsins og tilhögun þess. Þrír sérkennarar í fullu starfi sjá um sérkennslu hver á sínu stigi og þar eru lestur og stærðfræði grunnviðfangsefni auk félagsfærniþjálfunar. Þá eru kennarar sem sinna sérstaklega börnum með íslensku sem annað mál og einnig starfar iðjuþjálfi við skólann.

Markmið sérkennslunnar eru m.a.:

- að mæta þörfum nemandans
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans
- að efla hæfni nemenda til félagslegra samskipta
- að auka færni nemenda í ákveðnum námsgreinum

Leiðir: Fyrirkomulag sérkennslu getur verið með ýmsu móti og það er metið af sérkennara og bekkjarkennara hvort taka þurfi nemandann í sérstakt kennslurými eða hvort aðstoðin fer fram inn í bekk. Oft er um stuðning inn í bekk að ræða auk tíma í sérkennslustofu.

Mat: Í upphafi og við lok stuðningstímabils er lagt mat á stöðu nemenda. Matið byggir m.a. á greiningu sérkennara, ef hún er til, en einnig er stuðst við upplýsingar frá kennurum og foreldrum. Leitað er eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja sem best hag nemenda.

Lestur

Kópavogsskóli nýtir sér *Lesferil* sem er matstæki frá Menntamálastofnun. Lesferill er lagður fyrir þrisvar á hverju skólaári í öllum árgöngum til að meta lestrarhraða. Því er auðvelt að átta sig á framvindu hvers nemanda og grípa inn í ef ástæða er til. Umsjónarkennarar nemenda leggja Lesferilsprófin fyrir og geta fengið aðstoð hjá sérkennurum ef þeir óska eftir. Markmið þessarar nálgunar er að gefa kennurum kost á að fylgjast með lestrarþróun hvers nemanda frá upphafi lestrarnáms og til loka grunnskólagöngu. Í kjölfarið gefur stuðningskerfið leiðbeiningar um hvort þörf sé á að endurskoða markmið og leiðir og laga kennsluna betur að þörfum hvers nemanda. Þegar um alvarleg frávik er að ræða er unnið með þau undir handleiðslu sérkennara.

Kópavogsskóli hóf innleiðingu á *Byrjendalæsi* skólaárið 2014-2015 og töluverð reynsla er komin á kennsluaðferðina hjá kennurum á yngsta stigi. Byrjendalæsi er aðallega hugsað fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar og markmiðið er að gera kennsluna markvissari og skemmtilegri. Lestrarþjálfun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

yngstu nemendanna skiptir verulegu máli og þarf að vera dagleg og því skiptir þjálfun á heimilum verulegu máli.

Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda og skipuleggja kennslu og stuðning, með starfsfólki skóla, þannig að það hæfi sem best hverjum nemanda. Sálfræðingur, deildarstjóri og námsráðgjafi fylgjast mrrkvisst með nemendum í 1. bekk á hverju ári til að meta stöðu hvers barns með tilliti til stuðnings í náminu. Það verkefni er á sínu þriðja ár.

LOGOS

LOGOS er greiningartæki til að greina dyslexiu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Greiningin er framkvæmd af sérkennara og fer fram í skólanum.

Greiningin er tvíþætt, annars vegar ætluð nemendum í 3. – 5. bekk og hins vegar 6.-10. bekk og fullorðnum. Foreldrar, kennarar eða sérkennari geta beðið um greiningu fyrir barn. Greining fer fram með samþykki foreldris og er kallað til fundar ef niðurstaðan er dyslexía. Skýrsla er afhent foreldri og rætt er um þá þjónustu sem börn fá í kjölfarið. Foreldrum er bent á að geyma þessa skýrslu því nemendur geta lagt hana fram við inngöngu í framhaldsskóla. Framhaldsskólar þjóna börnum með dyslexíu misvel og er gott að kynna sér það þegar sótt er um framhaldsskóla.

Þjónusta sem börn fá í kjölfar greiningar, ef þau njóta hennar ekki þegar, er í flestum tilvikum

- aukin lestrarþjálfun þar sem unnið er í litlum hópum
- í nokkrum tilfellum þarf að gera einstaklingsnámskrá og laga námið að barninu
- barnið / unglingurinn velur hvort hann vill lesa upphátt fyrir bekkinn í öllum námsgreinum, með því móti má komast hjá kvíða sem oft vill fylgja börnum með dyslexíu
- lengri tími við próftöku
- munnleg próf, þar sem við á
- ef heimanám tekur óhóflega langan tíma er sjálfsagt að tala við umsjónarkennara og fá afslátt af heimanámi.
- nemendur fá að skrifa verkefni í auknum mæli á tölvur (spjaldtölvur) og að nota tölvur til að vinna verkefni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Heimanám

Stefna og viðmið Kópavogsskóla vegna heimanáms
Kópavogsskóli leggur áherslu á mikilvægi markviss heimanáms sem tekur mið af aldri nemenda. Mikilvægi heimanáms felst ekki síst í aukinni þjálfun í lestri og sjálfstæði í vinnubrögðum. Hver greinakennari sér um skipulag á yfirferð markmiðsþátta námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagað þeim sérstaklega og í samráði við foreldra. Foreldrum er því bent á að hafa samband við viðkomandi kennara ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.

Tilgangur
Heimnám er þjálfun í vinnubrögðum og styrking á sjálfsnámi og sjálfsaga nemenda sem nýtist seinna í námi og starfi. Með heimanámi verður til ákveðin tenging milli náms í skóla og heimilis. Með heimanámi undirbýr nemandi sig fyrir kennslu og/eða lýkur verkefnum sem byrjað var á í skólanum.

Umfang
Heimanám þarf að vera einstaklingsmiðað og miðað er við að það taki alls ekki meira en 1 klst. á dag að jafnaði hjá elstu nemendunum og fari síðan stiglækkandi eftir aldri. Stór hluti nemenda nær að ljúka vinnunni í skólanum en heimanám á að hafa tilgang svo gagn verði af.

Skipulag
Heimanámsáætlun er birt í Mentor. Í sumum námsgreinum á elsta stigi er um að ræða áætlun til nokkurra vikna þar sem nemendur skipuleggja sjálfir nám í skóla og heima. Í öðrum er heimanámið skipulagt fyrir ákveðnar kennslustundir. Mikilvægt er að heimanám fyrir komandi viku sé komið inn í Mentor fyrir föstudag. Flestir kennarar miða við föstudaga eð aðrir kjósa að skila á fimmtudögum.

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda og skipting á milli greina er í samræmi við eftirfarandi töflu úr aðalnámskrá grunnskóla. Í töflunni eru sýndar mínútur á viku en í Kópavogsskóla eru kennslustundir ýmist 40 mínútur eða 60 mínútur. Skipting milli námsgreina, sem sýnd er í næstu töflu á eftir þeirri sem hér sést, miðast þó við 40 mínútur í samræmi við kjarasamninga kennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	**4.800**	**4.200**	**4.440**	**13.440**	**100%**

Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsskóli

Aðalnámskrá grunnskóla - Skipting kennslugreina eftir árgöngum

Skipting kennslugreina samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Menntamálaráðuneytis þar sem námstími er gefinn upp í mínútum. Búið er að breyta mínútum í kennslustundir (40 mín.). Ráðstöfun Kópavogsskóla á valtímum er ekki sýnd í töflunni.	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	Skipulag Kópavogsskóla	Viðmið ráðuneytis	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	Skipulag Kópavogsskóla	Viðmið ráðuneytis	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Skipulag Kópavogsskóla	Viðmið ráðuneytis
Erlend tungumál					80	80				460	460				840	840
Enska			40	40	80		120	120	100	340		180	120	120	420	
Danska					0				120	120		120	120	180	420	
Íslenska	300	300	300	300	1200	1120	240	240	240	720	680	240	240	240	720	630
Skólaíþróttir (íþróttir og sund)	120	120	120	120	480	480	120	120	120	360	360	120	120	120	360	360
Listgreinar- og verkgreinar	240	240	260	220	960	900	280	280	280	840	840	120	140	80	340	340
tónmennt	x	x	x	x			x	x	x							
sjónlistir	x	x	x	x			x	x	x			x	x			
sviðslistir	x	x	x	x			x	x	x			x	x			
hönnun og smíði	x	x	x	x			x	x	x					x		
textílmennt	x	x	x	x			x	x	x				x	x		
heimilisfræði	x	x	x	x			x	x	x			x	x	x		
Náttúrugreinar (náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, líffvísindi og umhverfismennt)	120	120	120	120	480	420	120	120	120	360	340	120	120	120	360	360
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði og heimspeki	180	180	120	120	600	580	240	220	140	600	600	160	160	160	480	360
Stærðfræði	240	240	180	220	880	800	240	240	240	720	600	240	240	240	720	600
Upplýsinga- og tæknimennt*			60	60	120	120	40	60	40	140	160		40	40	80	80
Miðlamennt																
Skólasafnsfræði																
Tölvunotkun																
Upplýsinga- og samskiptatækni																
Til ráðstöfunar/Val					0					0		180	180	180	540	870
Vikustundir alls	**30**	**30**	**30**	**30**		**4500**	**35**	**35**	**35**		**4040**	**37**	**37**	**37**		**4440**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Val nemenda í 8.-10. bekk

Nemendur á unglingastigi eru í kjarnagreinum í samtals 30 kennslustundir á viku (þ.e. 40 mín langar). Að auki bætast við 7 kennslustundir þar sem þeim gefst kostur á að velja á milli námsgreina af ýmsum toga. Þar er reynt að hafa sem mesta fjölbreytni og áherslan því ekki síður á skapandi greinar en bóklegar. Einnig metur Kópavogsskóli íþróttir, tónlist, framhaldsskólanám og annað slíkt sem nemendur velja sér sem hluta af stundaskrá sinni. Það er allt gert í fullu samstarfi við foreldra og óskað eftir skriflegri staðfestingu frá þjálfurum og kennurum utan skólans.

Mikið og gott samstarf hefur verið við Menntaskólann í Kópavogi til fjölda ára og nokkrir nemendur Kópavogsskóla hafa sótt kennslustundir í framhaldsskólaáföngum. Nálægðin við skólann er einstaklega heppileg fyrir nemendur Kópavogsskóla og þeir hafa nýta sér það óspart. Einnig hefur nemendur staðið til boða að nýta sér val sem Tækniskólinn og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti bjóða upp á. Undanfarin tvö ár gat MK ekki boði grunnskólanemendum upp á nám og óljóst hvernig það verður.

Valgreinar skólaárið 2022-2023 eru fjölbreyttar og í nokkrum tilvikum er nemendum í 8.-10. bekk kennt saman en í öðrum greinum er þeim skipt. Áhersla er lögð á að námsgreinar séu bæði bóklegar og verklegar og listgreinar fá alltaf sinn sess í valinu. Ávallt er leitað til nemenda um hugmyndir að nýjum valgreinum og reynt að verða við því sem verulegur áhugi er fyrir. Nánari upplýsingar um sérstökum bæklingi um valgreinar sem gefin er út á hverju vori og er á heimasíðu skólans https://www.kopavogsskoli.is/is/nemendur/valgreinar

Skólabragur – skólareglur

Allt starf Kópavogsskóla mótast af uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar*. Haustið 2017 voru skólareglurnar yfirfarnar og þær gerðar ítarlegri og settar inn skýringar svo allir aðilar átti sig á þeim vinnubrögðum sem skólinn viðhefur. Reglurnar með skýringum eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í þeim er lögð er áhersla á þann skólabrag sem leitast er við að skapa og þau atriði tilgreind í upphafi:

Í Kópavogsskóla er lögð áhersla á að allir:

- *komi fram af tillitssemi og kurteisi*
- *virði vinnu annarra*
- *sinni hlutverki sínu af kostgæfni*
- *leggi áherslu á heilbrigða lífsýn*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, er ekki liðið í Kópavogsskóla.
- Nemendum ber að fara eftir fyrirmælum starfsmanna.
- Virða skal tímasetningar í skólastarfinu.
- Nemendur leggi áherslu á góða námsástundun.
- Ganga skal vel og þrifalega um skólann.
- Nemendum er ekki heimilt að yfirgefa skólalóð á skólatíma nema með sérstöku leyfi.
- Nemendur eða forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir skemmdum, tjóni eða slysum sem nemendur kunna að valda.

Vinnureglur og viðurlög við brotum - þrep

1. Við brot á skólareglum ræðir starfsmaður við nemandann um brotið.
2. Umsjónarkennari ræðir við nemandann.
3. Umsjónarkennari/kennari hefur samband við foreldra.
4. Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal.
5. Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal með skólastjórnanda.
6. Við alvarleg brot getur nemanda verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu*.

   Skólastjórnandi getur komið að málum á öllum stigum sé þess óskað.

   *Ávallt skal gætt meðalhófs og andmælaréttar í samræmi við Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

   Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og getur verið þeim til aðstoðar.

Reglur um notkun GSM-síma

Nemendum unglingastigs er heimilt að vera með og nota GSM-síma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum. Þeim sem ekki treysta sér til að fara eftir reglunum er óheimilt að vera með síma í skólanum.

- Símarnir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
- Í kennslustundum er öll notkun GSM-síma bönnuð nema með leyfi kennara.
- Ekki er heimilt að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu.
- Verði nemandi uppvís að notkun síma í kennslustundum skal hann afhenda viðkomandi kennara símann.
- Við fyrsta brot fær nemandinn símann afhentan í lok skóladags. Við annað brot þarf foreldri að sækja símann í skólann. Við síendurtekin brot og/eða misnotkun á GSM-símum geta skólastjórar bannað viðkomandi nemanda að vera með síma í skólanum í styttri eða lengri tíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Stýrihópur um Uppeldi til ábyrgðar skipulagði vinnu starfsmanna til að útfæra nánar það sem fékk heitið ,,Umgengnisreglur og skýr mörk í Kópavogsskóla“ og þeirri vinnu lauk í janúar 2018. Afrakstur þeirrar vinnu er að finna á heimasíðu skólans.

Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð

Skólaráð Kópavogsskóla starfar í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Í skólaráði Kópavogsskóla eiga sæti skólaárið 2022-2023 Guðný Sigurjónsdóttir skólastjóri, kennararnir Björk Hlöðversdóttir og Svanborg Ísberg, Svala Helga Sigurðardóttir iðjuþjálfi er fulltrúi annarra starfsmanna. Fulltrúar foreldra eru Jóhannes Larsen og Sólveig Jóhannsdóttir, fulltrúar nemenda eru Diljá Dögg A. Brynjarsdóttir og Artúr Blær Þórarinsson. Grenndarfulltrúi er Agnes Hólm Gunnarsdóttir. Starfsáætlun fyrir Skólaráð Kópavogsskóla veturinn 2022-2023 er eftirfarandi:

1. september (fimmtudagur) – sameiginlegur fundur með stjórn foreldrafélagsins

- Skólabyrjun, vetrarstarf skólaráðs.
- Skólanámskrá.
- Skýrsla um innra mat

4. nóvember (föstudagur)

- Nemendur og skólastarf.
- Húsnæðismál skólans.

10. janúar (þriðjudagur)

- Rekstraráætlun.
- Undirbúningur fyrir opinn fund um málefni skólans fyrir alla aðila skólasamfélagsins (gert er ráð fyrir að fundurinn verði haldinn í lok febrúar).

8. mars (miðvikudagur)

- Þróunarmál í skólastarfi.

22. maí (mánudagur):

- Drög að skipulagi skólaársins 2023-2024.
- Starfsáætlun skólaráðs 2023-2024.
- Uppgjör vetrarins.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar í skólaráði verði kallaðir saman á milli funda til að sinna sérstökum verkefnum sem unnið verður að á skólaárinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

„Minna“ skólaráð fundar eftirtalda daga (og oftar ef þarf): **19. ágúst (föstudagur), 3. október (mánudagur), 8. desember (fimmtudagur), 8. febrúar (miðvikudagur), 11. apríl (þriðjudagur).**

Foreldrafélag

Foreldrafélög eru lögbundin skv. 9 gr. *Laga um grunnskóla* nr. 91/2008. Í Kópavogsskóla starfar öflugt foreldrafélag sem hefur það hlutverk að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda, efla tengsl heimilis og skóla, hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu og veita aðhald og eftirlit. Stjórn foreldrafélags Kópavogsskóla skólaárið 2022-2023 skipa:

Formaður: Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Varaformaður og Samkópsfulltrúi: Lilja Guðrún Sæþórsdóttir
Gjaldkeri: Sigurbjörg Ellen Helgadóttir
Ritari: Oddný Assa Jóhannsdóttir
Foreldraröltsfulltrúi: Margrét Huld Einarsdóttir
Kynningarmál: Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Meðstjórnandi: Inga Birna Bjarnadóttir
Meðstjórnandi: Dísa Jónsdóttir
Meðstjórnandi: Jón Orri Jónsson

Skipulag foreldrastarfs

1. Árgangastjórnir foreldra

Í upphafi skólaárs taka foreldrar fjögurra nemenda að sér að skipuleggja starf árgangsins fram til áramóta þegar foreldrar næstu fjögurra barna taka við. Með þessu móti er leitast við að tryggja að allir foreldrar komi að foreldrastarfinu.

Verksvið árgangastjórna foreldra er málefni hlutaðeigandi árgangs s.s. :

- Skipuleggja framkvæmd á 3-4 viðburðum þar sem nemendur í bekknum eða árgangnum gera eitthvað saman yfir veturinn.
- Koma upplýsingum um málefni sem varða bekkinn til stjórnar foreldrafélagsins og til yfirstjórnar skólans, t.d. á samráðsfundum.
- Sjá til þess að manna foreldraröltið bekkjarins

Árgangastjórn starfar með umsjónakennara eftir aðstæðum og að teknu tilliti til kjarasamninga og starfsskyldna kennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

2. Samráð árgangastjórna

Formenn árgangastjórna mynda ásamt stjórn foreldrafélagsins svonefnt ,,Samráð". Samráðið skal koma saman eftir þörfum á starfstíma skóla, þó ekki sjaldnar en tvisvar á hverju skólaári, ásamt stjórn Foreldrafélagsins, skólastjórnendum og eftir atvikum skólaráði til að samræma störf árgangastjórnanna og fá yfirsýn yfir foreldrastarfið í skólanum. Stjórn Foreldrafélagsins er jafnframt stjórn samráðsins. Framkvæmdin hefur verið sú að samráðið hefur fundað 5-6 sinnum. Þrír af þeim fundum hafa verið helgaðir hverju námsstigi skólans fyrir sig þ.e. yngsta stigi, miðstigi og efsta stigi.

3. Foreldrafélag Kópavogsskóla

Markmið félagsins er að stuðla að velferð og vellíðan allra barna í skólanum, að kennsla og tómstundastarf í skólanum sé eins og best verður á kosið og efla samvinnu heimilis og skóla.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a. :

- efla samstarf foreldra og starfsfólks skólans,
- standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra og eftir atvikum starfsfólks skólans eftir því sem tilefni gefst til og kostur er á,
- styðja við starfsemi skólans með því að kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, fylgjast með skólastarfinu og koma á framfæri rökstuddum óskum um breytingar og styðja við framkvæmd þeirra.
- styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.

Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn skal að vori ár hvert, eigi síðar en 15. maí. Formaður er kosinn sérstaklega auk fimm meðstjórnenda.

4. Sérstakar nefndir.

Á vegum foreldrafélagsins starfa nokkrar nefndir að einstökum málum eða atburðum. Um þær vísast til bæklings foreldrafélagsins. Allir geta starfað í þessum nefndum en á skólakynningarfundum í september geta foreldrar skráð sig í þær. Foreldrum geta einnig haft samband við fulltrúa foreldrafélagsins til að skrá sig í þessar nefndir.

Dagskrá vetrarstarfs foreldrafélags 2022-2023

September: Göngum í skólann gangan, Kynningarfundur foreldrafélagsins fyirr bekkjarfulltrúa og alla foreldra. (28. september)
Október: Hrekkjavaka (31. október)
Nóvember: Laufabrauðsdagur (27. nóvember)
Desember: Aðventuganga í Digraneskirkju

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Febrúar: Öskudagur (22. febrúar)
Mars: Opinn fundur Skólaráðs
Maí: Aðalfundur foreldrafélagsins
Maí/Júní: Vorhátíð

Foreldrafélag Kópavogsskóla gefur út upplýsingabækling sem dreift er rafrænt til allra foreldra/forráðamanna samhliða skólakynningum í september.

Nemendaráð

Á hverju hausti kjósa nemendur unglingastigs fulltrúa sína í nemendaráð. Hver árgangur kýs fjóra fulltrúa og tveir formenn úr 10. bekk stýra starfinu með aðstoð eins af kennurum skólans. Annar þeirra situr í skólaráði Kópavogsskóla og hinn fulltrúi nemenda kemur úr 9. bekk. Nemendaráð skólans er um leið nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem er staðsett í Kópavogsskóla. Félagsmiðstöð og skóli vinna náið saman að hagsmunamálum nemenda. Allir nemendur í nemendaráði eru í valgrein (Félagsmálafræði) og þar er markmiðið að kenna þeim þau vinnubrögð sem leggja grunn að heilbrigðu og farsælu samstarfi nemendaráðs.

Auglýst er eftir framboðum til nemendaráðs og kosið á milli frambjóðenda. Formaður nemendaráðs er úr 10. bekk og varaformaður úr 9. bekk. Skólaráðsfulltrúar koma úr 9. og 10. bekk og sitja í tvö ár.

Skólaárið 2022-2023 sitja eftirtaldir aðilar í nemendaráði:

Formenn:
Ívar Ingi Atlason og Nanna Katrína Hrafnsdóttir

Fulltrúar deilda:

10. bekkur:

Emil Andri Bjarnason, Lilja María Vilhjálmsdóttir, Markús Júlían Ægisson, Naima Emilía Emilsdóttir

9. bekkur:

Diljá Dögg A. Brynjarsdóttir, Eyþór Ingvi Sighvatsson, Helgi Bjarnason, Julia Anna Miernik

8. bekkur:

Axel Marcel Czernik, Elísabet María Eyþórsdóttir, Jara Sóley Bjarnadóttir, Nói Elvarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Halldór Hlöðversson forstöðumaður Kjarnans og Guðný Sigurjónsdóttir skólastjóri funda reglulega með stjórn nemendafélagsins og skipuleggja atburði og uppákomur vetrarins. Fastir liðir sem tilheyra skólanum eru litlu jól og árshátíð sem er haldin í vikunni fyrir páskaleyfi. Kópavogsskóli tekur einnig þátt í spurningakeppni grunnskólanna og ýmsum uppákomum á vegum félagsmiðstöðva í Kópavogi og SAMFÉS. Allar upplýsingar um atburði og tímasetningar þeirra er að finna á http://felagsmidstodvar.kopavogur.is/kjarninn/

Foreldrasamstarf

Undanfarin ár hefur foreldrasamstarf minnkað og á skólaárinu verður markviss unnið að því að auka það. Heimili og skóli verða með námskeið fyrir árgangafulltrúa og kennara í september 2022 til að koma því á stað eftir lokanir og samkomutakmarkanir. Skólastjórnendur funda í byrjun hvers mánaðar með stjórn foreldrafélags og einnig er boðað til opinna funda skólastjórnenda með foreldrum hvers árgangs. Þar gefst foreldrum barna í viðkomandi árgangi kostur á að ræða saman og skiptast á skoðunum, ræða við skólastjórnendur um skólastarfið og koma sínum skoðunum á framfæri. Hefð er fyrir því að bjóða foreldrum barna í fyrsta bekk til fræðslufundar snemma á skólaárinu og til létts kvöldverðar í framhaldi af fræðslunni. Þar er markmiðið að foreldrar barna sem eru að hefja skólagöngu kynnist og leggi grundvöll að öflugu samstarfi sín á milli og við skólann. Vefsíða Kópavogsskóla er nýtt til að koma fréttum úr skólastarfinu á framfæri og skólinn nýtir sér einnig Facebook og twitter. Rafrænt fréttabréf hefur komið út undanfarin ár og þar er meginmarkmiðið að upplýsa foreldra um ýmis málefni skólans. Fréttabréfið er birt á heimasíðu skólans og einnig á Facebook síðu skólans. Fulltrúar foreldra í skólaráði taka fullan þátt í starfi skólaráðs og vinna þar að ýmsum framfaramálum.

Mat á skólastarfi

Innra mat

Með *Lögum um grunnskóla* nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta sem flesta þætti í starfi sínu, og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Gildisgrunnur skólans var unninn í samstarfi foreldra og skóla og gildi skólans eru sex. Þau eru: a)*jákvæður starfsandi,* b)*agi í framkomu og vinnubrögðum,* c)*verkefni taki mið af hæfni og getu einstaklingins,* d)*gagnkvæm virðing ríki í samskiptum,* e)*virk samvinna sem byggist á ábyrgð skólaþegnanna* og f)*gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimila og skóla og innan skóla*.

Kópavogsskóli nýtir sér vefkannanakerfið Skólapúlsinn fyrir innra matið. Spurningarnar sem eru í Skólapúlsinum falla vel að gildisgrunni skólans og gefa um leið kost á samanburði við aðra skóla. Nemendakannanir eru lagðar fyrir árlega en foreldrakannanir og starfsmannakannanir annað hvert ár. Skólaárið 2022-2023 verða spurningalistar sendir nemendum og foreldrum.

Stýrihópur hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess.

Ytra mat sveitarfélaga

Í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Þá er sveitarfélögum ætlað að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Af hendi sveitarfélagsins hefur ekki verið gert formlegt mat á starfi Kópavogsskóla undanfarin ár. Starfsmenn menntasviðs Kópavogsbæjar eru þó í reglulegum samskiptum og eru vel inn í málefnum skólans.

Ytra mat menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laganna og aðalnámskrár grunnskóla auk annarra þátta í skólastarfinu. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum. Ytra mat á starfi Kópavogsskóla var unnið af starfsmönnum Menntamálastofnunar í september 2018 og lokaskýrslu skilað í lok ársins. Í framhaldi af því var umbótaáætlun gerð og bæði skýrsluna og umbótaáætlunina er að finna á vefsíðu Kópavogsskóla ásamt skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar prófessors í kennslufræðum sem kom og kynnti sér skólastarfið. Eftirfylgni ráðuneytisins lauk vorið 2021 með formlegri staðfestingu á að Kópavogsskóli hefði lokið öllum þeim umbótum sem boðaðar voru í framhaldi af ytra matinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Viðfangsefni innra mats

Þeir þættir sem innra mat skólans byggir á eru eftirfarandi:

- Nemendakönnun: rafræn könnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Um er að ræða mjög viðamikla könnun sem tekur á öllum þáttum skólastarfs og upplýsingarnar er hægt að skoða með hliðsjón af öðrum skólum. Mjög viðamiklar upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á www.skolapulsinn.is.
- Starfsmannakönnun: rafræn könnun þar sem m.a. er spurt um viðhorf til skólans, kennarastarfið og starfsumhverfi.
- Foreldrakönnun: rafræn könnun lögð fyrir foreldrar barna í öllum árgöngum. Þar er m.a. spurt um nám og kennslu, velferð nemenda og foreldrasamstarf svo nokkur atriði séu nefnd.
- Tengslakönnun: námsráðgjafi leggur tengslakönnun fyrir alla árganga að hausti. Þar eru skoðuð tengsl á milli nemenda og reynt að finna þá nemendur sem eru einangraðir og grípa til viðeigandi ráðstafana.
- Könnun á líðan og einelti: námsráðgjafi leggur könnunina fyrir alla árganga. Ef þurfa þykir er gripið til aðgerða eins og t.d. bekkjafunda og vinnu með skólasálfræðingi.

Kannanir þessar eru í heildina mjög umfangsmiklar og úr þeim fást gríðarlega miklar upplýsingar um alla þætti skólastarfsins. Markmiðið er að bregðast fljótt og vel við niðurstöðum og vinna að úrbótum á markvissan hátt. Skólaárið 2022-2023 verður foreldrakönnun og nemendakönnun (fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk) Skólapúlsins lögð fyrir.

Umbótaáætlun 2022-2023

Teymi um innra mat fór yfir niðurstöður mælinga skólaársins 2021-2022 og ákvað að einblína á færri þætti en gefa þeim meiri tíma í vetrarstarfinu 2022-2023. Ákveðið var að leggja áherslu á samband nemenda og kennara, virkari þátttöku nemenda í kennslustundum, öflugri samskipti við heimili og uppfæra skólastefnuna til næstu tveggja ára:

Efnisþáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Samband nemenda við kennara	Ráðgjafi vinnur með skólastjórnendum við að finna leiðir til úrbóta	Skólastjórnendur	Maí 2023	Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins eftir hverja fyrirlögn
Auka virka þátttöku nemenda í kennslustundum	Skólastjórnendur og stjórn nemendafélagsins leggja fram sameiginlegar tillögur í framhaldi af vinnufundum með kennurum	Skólastjórnendur	Maí 2023	Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins eftir hverja fyrirlögn
Skólastefna	Skólastefna Kópavogsskóla endurskoðuð og uppfærð til ársins 2024	Skólaráð	Upphaflega gert ráð fyrir maí 2022 en frestað fram til haustsins 2022	Undirbúningsvinna í júní 2022 og endurskoðun með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins unnin í upphafi skólaárs 2022-2023
Efling foreldrastarfs í öllum árgöngum	Námskeið fyrir árgangafulltrúa og kennara í september 2022	Skólastjórnendur og stjórn foreldrafélagsins	Október 2022	Skráningar umsjónarkennara á atburðum á skólaárinu og könnun í lok skólaárs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Stoðþjónusta

Ýmsir aðilar koma að þjónustu við nemendur Kópavogsskóla. Hjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslunni og er starfsmaður hennar. Sálfræðingur kemur frá Menntasviði Kópavogs og er með viðveru í skólanum hluta úr degi á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Talmeinafræðingur vinnur að greiningum og ráðgjöf til foreldra í 4 klst. á viku og er með viðveru á miðvikudögum. Kópavogsskóli er með námsráðgjafa í fullu starfi og hann sinnir aðstoð við nemendur og kennara hvort sem um er að ræða einstaklinga eða hópa og leggur að auki fyrir kannanir um líðan og einelti. Hjúkrunarfræðingur, sem er starfsmaður Heilsugæslunnar, er með 29% viðveru í skólanum, þ.e. kl. 8:30-12:00 á mánudögum, 9:30-12:00 á þriðjudögum, 8:30-12:00 á miðvikudögum og 10:00-12:00 á fimmtudögum.

Nemendur og foreldrar geta pantað tíma hjá námsráðgjafa og foreldrar geta pantað tíma hjá sálfræðingi hjá deildarstjóra sérúrræða (eða öðrum skólastjórnendum) á skrifstofu skólans. Námsráðgjafi sér um náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur og samskipti við fyrirtæki.

Hjá Menntasviði Kópavogs er einnig hægt að leita eftir aðstoð sérkennsluráðgjafa og kennsluráðgjafa auk almennrar ráðgjafar. Kópavogsskóli hefur einnig leitað til sérfræðinga á sviði einhverfu, aðstoðar iðjuþjálfa, til sérfræðinga vegna sjónskerðingar og til barnalækna þegar sú staða kemur upp. Markmiðið er að útvega þá þjónustu sem best hentar og skólinn ræður við í hverju tilviki.

Tómstundastarf og félagslíf

Félagslíf nemenda á unglingastigi en samstarfsverkefni skóla og félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem hefur aðsetur í skólahúsinu. Stærstu atriði ársins eru litlu jól og árshátíðir en þær eru haldnar á öllum aldursstigum skólans í vikunni fyrir páska. Þar troða nemendur upp með skemmtiatriði sem þeir hafa æft og sýna fyrir aðra nemendur og foreldra. Bekkjarkvöld eru haldin í samstarfi við foreldrafulltrúa og reynt er að hafa þau tvisvar á hverju skólaári. Nemendur á miðstigi eru með opið hús ca. einu sinni í mánuði og deilarstjóri eldra stigs sér um skipulag þeirra ásamt forstöðumanni félagsmiðstöðvar. Nemendur 7. bekkjar fara í Skólabúðirnar að Reykjum í nóvember og nemendur 9. bekkjar fara í Skólabúðir að Laugarvatni einnig í nóvember. Skólaferðalög að vori eru fastur liður í skólastarfinu og Kópavogsskóli greiðir kostnað vegna aksturs. Misjafnt er hvert er farið en það fer eftir aldri nemanda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skólastarfið er brotið upp á hverju ári í nokkra daga og nemendum skipt í hópa þvert á aldur. Markmiðið með því er að efla með markvissum hætti félagstengsl nemenda og þjálfa þá í að vinna með nemendum á ólíkum aldri og á misjöfnu þroskastigi. Það hefur gefist mjög vel.

Foreldrafélag Kópavogsskóla stendur fyrir ýmsum viðburðum og þar ber helst laufabrauðsbakstur með nemendum og foreldrum í aðdraganda jóla og vorhátið sem haldin er í maí ár hvert. Einnig koma foreldrar að skipulagi dagskrár á öskudag en þá er skólastarfið brotið upp

Nemendaráð skipuleggur vetrarstarf félagsmiðstöðvar með aðstoð forstöðumanns og umsjónarmanns félagsstarfs (kennari). Þar eru hefðbundin atriði þátttaka í Spurningakeppni grunnskólanna, ýmis sameiginleg atriði með öðrum félagsmiðstöðvum í Kópavogi, námskeið og opin hús.

Dagatal félagsmiðstöðvar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadagatal 2022 - 2023

Félagsmiðstöð:

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	M	Frídagur verslunarmanna	1	F		1	L		1	Þ	Fæstæðumannafundur	1	F	Fullveldisdagurinn	1	S	Nýársdagur	1	M	Starfsmannafræðsla	1	M		1	L		1	M	Verkalýðsdagurinn	1	F	Undirbúningur - rumar	1	L	
2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F	Auka fæstudagsopnun (Félkð)	2	M		2	F		2	S	Pálmasunnudagur	2	Þ	Fæstæðumannafundur	2	F	Undirbúningur - rumar	2	S			
3	M		3	L		3	M	Farvarnarvika	3	F		3	L		3	Þ		3	F	Fær.opnun	3	F	Fær.opnun	3	M	(Undankeppnum fyrir Prinsakeppni Samfés fellið)	3	M		3	L		3	M	
4	F		4	S		4	Þ	Fæstæðumannafundur	4	F	Auka fæstudagsopnun (Félkð)	4	S		4	M		4	L		4	L		4	Þ	Fæstæðumannafundur	4	F		4	S	Sjómannadagurinn	4	Þ	
5	F		5	M	Starfsmannafræðsla	5	M	Farvarnarvika	5	L		5	M	Starfsmannafræðsla	5	F		5	S		5	M	Skráning í Söngkeppni Samfés	5	F	Samfestingurinn	5	M	Undirbúningur - rumar	5	M			
6	L		6	Þ	Fæstæðumannafundur	6	F		6	S		6	Þ		6	F	Prettándinn/Fær.opnun/ Samfés-Can	6	M	Gotkó	6	M		6	F	Skírdagur	6	L	Samfestingurinn	6	Þ		6	F	
7	S		7	M		7	F	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	7	M		7	M		7	L		7	Þ	Fæstæðumannafundur	7	Þ	Fæstæðumannafundur	7	F	Föstudagurinn langi	7	S		7	M		7	F	Sumarhátíð Félkð
8	M		8	F	Starfsdagar Samfés	8	L	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	8	Þ	Baráttudagur gegn einelti	8	F		8	S		8	M	Gotkó	8	M		8	L		8	M		8	F		8	L	
9	Þ		9	F	Starfsdagar Samfés	9	S	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	9	M		9	F	Fær.opnun	9	M		9	F		9	F		9	S	Páskadagur	9	Þ		9	F		9	S	
10	M		10	L		10	M	Malavika	10	F		10	L		10	Þ	Fæstæðumannafundur	10	F		10	F		10	M	Annar í páskum	10	M	Skipulagsdagur klútartarfmanna	10	L			
11	F		11	S		11	Þ	Malavika	11	F	Rafíþróttamót Félkðag Samfés - Fær.opnun	11	S		11	M		11	L	Dagur íslenskrar tákanmálar	11	L		11	Þ		11	F		11	S				
12	F		12	M		12	M	Malavika	12	L	Rafíþróttamót Félkðag Samfés	12	M		12	F		12	S		12	S		12	M		12	F	Fær.opnun	12	M				
13	L		13	Þ		13	F	Malavika	13	S	Rafíþróttamót Félkðag Samfés	13	Þ	Fæstæðumannafundur Tea	13	F		13	M		13	M		13	F		13	L		13	Þ				
14	S		14	M	Íþróttaleikar	14	F	Fær.opnun	14	M	Félagsmiðstöðvavika	14	M		14	L		14	Þ		14	Þ		14	F	Fær.opnun	14	S		14	M				
15	M		15	F		15	L		15	Þ	Fæstæðumannafundur Teams	15	F		15	S		15	M		15	M		15	L		15	M		15	F				
16	Þ		16	F	Íþróttadagur/Ball	16	S		16	M	Stuttmyndahátíð - Félagsmiðstöðvavika	16	F		16	M		16	F	Vetrarleyfi	16	F		16	S		16	Þ		16	F				
17	M		17	L		17	M	Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan	17	F		17	L		17	Þ		17	F	Vetrarleyfi/Fær.opnun	17	F	Rafíþróttamót Samfés og Elka - Fær.opnun	17	M		17	M		17	L	Lýðveldisdagurinn			
18	F		18	S		18	Þ	Fæstæðumannafundur Tea	18	F		18	S		18	M		18	L	Tvennd	18	L	Rafíþróttamót Samfés og	18	Þ	Fæstæðumannafundur	18	F	Uppstigningardagur	18	S				
19	F		19	M	Finnland	19	M	Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan	19	L		19	M		19	F		19	S	Kanudagur	19	S	Rafíþróttamót Samfés og	19	F		19	M		19	F				
#	L		#	Þ	Finnland	#	F	Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan	#	S	Dagur mannréttinda barna	#	Þ		#	F	Fær.opnun - Danskeppni Samfés	#	M	Bolludagur	#	M		#	F	Sumardagurinn fyrsti	#	L		#	Þ				
21	S		21	M	Finnland	21	F	Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan	21	M		21	M		21	L	Stíll	21	Þ	Fæstæðumannafundur Sprengidagur	21	Þ	Fæstæðumannafundur	21	F		21	S		21	M				
#	M		#	F	Finnland	#	L	Fyrsti vetrardagur	#	Þ		#	F		#	S		#	M	Öskudagur	#	M		#	L		#	M		#	F				
#	Þ	Skipulagsdagur fæst.mann	#	F	Finnland	#	S		#	M		#	F	Þorláksmessa/Fær.opnun	#	M		#	Þ	Fæstæðumannafundur	#	F	Skíðaferð	#	F		#	Þ	Skipulagsdagur	#	F			
#	M	Velkomin til starfa	#	L		#	M	Vetrarleyfi	#	F		#	L	Aðfangadagur jóla	#	Þ	Fæstæðumannafundur	#	F	Skíðaferð	#	F		#	M	Skipulagsdagur	#	L				
#	F		#	S		#	Þ	Vetrarleyfi	#	F	Fær.opnun - Rímnaflæði	#	S	Jóladagur	#	M	Söngkeppni Kópavogs	#	L	Skíðaferð	#	L		#	Þ	Skipulagsdagur Fæstæðumanna	#	F		#	S				
#	F	Velkomin til starfa	#	M	Evrópska tungumáladagur	#	M		#	L		#	M	Annar í jólum	#	F		#	S	Skíðaferð	#	S		#	M		#	F	Fálkáhátíð	#	M				
#	L		#	Þ		#	F		#	S		#	Þ		#	F		#	M		#	M		#	F	Aðalfundur Samfés	#	L		#	Þ				
#	S		#	M		#	F	Fær.opnun	#	M		#	M		#	L		#	Þ		#	Þ		#	F	Aðalfundur - Samfés Fær.opnun	#	S	Hvítasunnudagur	#	M				
#	M		#	F		#	L		#	Þ	Fæstæðumannafundur	#	F		#	S					#	M		#	L		#	M	Annar í Hvítasunnu	#	F				
#	Þ		#	F	Fær.opnun	#	S		#	M		#	F		#	M					#	F		#	S		#	Þ		#	F				
31	M					31	M	Starfsmannafræðsla				31	L	Gamlársdagur	31	Þ					31	F	Fær.opnun				31	M							

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Starfsþróunaráætlun 2017-2022

Starfsþróunaráætlun Kópavogsskóla er ,,lifandi“ skjal þar sem skráð eru námskeið og fræðslufundir sem skólinn skipuleggur fyrir starfsmenn sína.

,,Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknum mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. Janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Heimilt er að leggja fram starfsþróunaráætlun til lengri tíma eða allt að þriggja ára. Breytingar sem kunna að verða á starfsþróunaráætlunum sem ná til lengri tíma en eins árs skulu kynntar kennurum fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Í drögunum skal a.m.k. liggja fyrir áætlun um hvaða dagar eru ætlaðir til sameiginlegrar starfsþróunar. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.“ [Úr kjarasamning félags grunnskólakennara].

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann eftir stöðugreiningu, starfagreiningu og skoðun kennara úr greiningunni “Þitt mat” sem jafnframt eru liðir í sjálfsmati skóla og í samræmi við stefnu skólans:

	Tímasetning	**Viðfangsefni**	**Hverjir fá fræðsluna**	**Fræðsluaðili / Ábyrgð**
Öryggi	Janúar 2017 2 dagar eftir hádegi. Lokið	Sjálfsvörn í starfi með nemendum	Starfsfólk í námsveri (Nöfn ?)	Atli Magnússon Greiningarstöð
Uppbyggingar-stefnan	28. febrúar 2017 Lokið	Hagnýt atriði fyrir stjórnendur og stýrihópa leik-, grunn- og framhaldsskóla með Uppbyggingu að leiðarljósi.	Námskeið uppbyggingar-teymis og stjórnenda febrúar 2017. Guðný, Kristín Alf., Ásta Gylfa., Hulda Hrönn	Joel Shimoji Álftanesskóla
Uppbyggingar-	Lokið	Hegðun eftir litum - innlögn	Allt starfsfólk	Rut Indriðadóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

stefnan				Seljaskóla
Uppbyggingar-stefnan	Lokið - þarf upprifjun reglulega	Hegðun eftir litum - eftirfylgni	Allir kennarar í 1. - 5. bekk og annað starfsfólk	Bergþóra Þ.
Uppbyggingar-stefnan	Apríl 2017 Lokið	Hlutverkin okkar T - spjöld	Allt starfsfólk	Uppbyggingar-teymið og stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	21. mars 2017 Lokið að hluta	Þarfirnar og stutt inngrip	Allt starfsfólk	Uppbyggingar-teymið og stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	21. mars 2017 Lokið	Umgengnisreglur og skýr mörk (Skólareglur)	Allir kennarar	Uppbyggingar-teymið og stjórnendur
Teymisvinna	Júní 2017 og síðan eftirfylgni í nokkur skipti Lokið	Að vinna í teymi	Ólöf, Fjóla, Áslaug, Guðrún Ásta, Lenka, Hildur Elfa 74% kunna :-)	Þórhildur Helga ofl. Menntasvið
Uppbyggingar-stefnan	Alltaf í vinnslu eftir þörfum	Hópefli - Samskipti í árgöngum	Umsjónar-Kennarar	Erindi ofl.
Breyttir kennsluhættir	1 x í viku	Menntabúðir og fagfundir	Allir kennarar í **lærdómssamfélagi**	Stjórnendur og Spjaldtölvuteymi
Mentor K-3	Mars - Júní 2017 Lokið	Hæfnimarkmið	Allir kennarar	Stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	Í upphafi hvers skólaárs	Sáttmálar	Allir kennarar	Uppbyggingar-teymið og stjórnendur
Mentor K-3	Ágúst 2017 Lokið að hluta	Lotur og verkefni hengd við markmið	Allir kennarar	Stjórnendur
Bekkjarstjórnun	Ágúst 2017 September 2017 - bekkjarfundir Lokið	Bekkjarstjórnun í ljósi uppbyggingar- stefnu og grunnþátta menntunar	Allir kennarar	Stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	Haust 2017 Lokið	Kynning á umgengnisreglum og skýrum mörkum, stuttum inngripum og hegðun eftir litum	Allt skólasamfélagið	Stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	Haust 2018	Sjálfstjórn “Billinn”	Allir kennarar	(Uppbyggingar-teymið og stjórnendur)
Fjölfærni	Skólaárið 2018 - 2019	Fjölfærni sem liður í fjölbreyttum kennsluháttum og samþættingu námsgreina	Allir kennarar	Fjölfærnihópur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Gerð einstaklings-námskráa	Ágúst 2018 Lokið		Sérkennarar	Erla Gígja
Að koma til móts við einstaklinga í námshópi á þeirra forsendum.	Fagfundir og menntabúðir allt skólaárið. Starfsdagar. 2018 - 2019	Dagsskipulag Sjónrænt skipulag “Skrifstofa” Tímavaki Bits board Félagsfærnisögur Aðlögun kennsluefnis og niðurbrot verkefna	Allir kennarar	Sérkennarar miðla ráðum úr góðum sjóði. TMF http://www.tmf.is/namskeid/
Bekkjarfundir við lausn vanda	Ágúst 2017 Lokið	Skipulag bekkjar- funda, niðurstöður og eftirfylgni	Allir kennarar	Stjórnendur
Teymisvinna	Ágúst 2018 og eftirfylgni		Námsver og 1. - 2. b	Erla Gígja og Bergþóra Þórhildur kennsluráðgjafi
Byrjendalæsi I	Allt skólaárið 2017 - 2018 Lokið		Fjóla, Lenka	MSHA
Byrjendalæsi I	Allt skólaárið 2018 - 2019 Lokið		Oddný og Anna M.	MSHA
Byrjendalæsi II	Skólaárið 2018 - 2019 Lokið		Lenka	MSHA
Byrjendalæsi II	Skólaárið 2019 - 2020 Lokið		Oddný og Anna M.	MSHA
Byrjendalæsi - leiðtogaþjálfun	16. ágúst og áfram Lokið		Ólöf og Björk	MSHA
Fjölmenning	Menntabúðir og fagfundir allt skólaárið		Allir kennarar	Miðja máls og læsis - Sólveig M.
Uppbygging	Ágúst - október 2018	Upprifjun. Allir eiga að þekkja hlutverk sitt. Bekkjarsáttmálar. Hegðun eftir litum. Stutt inngrip. Skýr mörk. **Nýtt.** Þarfirnar. Grunnur fyrir byrjendur.	Allt starfsfólk.	Bergþóra Elín Yngvadóttir og Fanney

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Uppbygging	Nóvember - desember 2018	Þarfirnar og tenging við daglegt skólastarf. Skýr mörk og “bottom line”.	Allt starfsfólk.	Utanaðkomandi aðili.Elín Yngva.
Uppbygging	Janúar - mars 2019	Að sætta sjónarmið.	Allt starfsfólk.	Utanaðkomandi aðili. Elín Yngva.
Uppbygging	Apríl 2019	Undirbúningur námskeiðs / skólaheimsóknar? Máta sig við annan skóla.	Allt starfsfólk.	Utanaðkomandi aðili. Elín Yngva.
Uppbygging **Hegðun eftir litum**	Á hverju hausti.	Innlögn og upprifjun. Eftirfylgni	Allt starfsfólk	Bergþóra
Breyttir kennsluhættir	Reglulega allt skólaárið.	Nýting kennsluráðgjafa. Menntabúðir (jafningjafræðsla) innan skóla og með öðrum skólum í Kópavogi.	Allir kennarar.	Skólastjórnendur.
Forritun í öllum árgöngum.	Taka frá vikur í námskeið fyrir nemendur. Setja inn í áætlun.	Námskeið. Áætlanagerð og eftirfylgni.	Áhersla á eitt stig í einu.	Forritarar framtíðarinnar. Skema. Skólastjórnendur. Anna I.
Gæðagreinar um sameiginleg verkefni í skólanum.	Vorönn 2019	Kennsla á gæðagreina og nýting þeirra fyrir bætt gæði skólastarfs.	Hver kennari skrái sig á 2 atriði. Skólasetning. Skólaslit. Dagur læsis. Dagur stærðfræðinnar. Engisprettudagar. Litlu jólin. **Öskudagur.** Foreldradagar. Dagur íslenskrar tungu. Dagar með sveigjanlega stundaskrá. Árshátíð. Alþjóðadagur? Vor- og haustferðir, útivist og ferðalög. Vinaliðar. Frímínútur. Mötuneyti og matsalur.	Skólastjórnendur.
Google grunnur	Árlega	Einstaklingsmiðað	Allir kennarar	Anna I. Spjaldtölvuteymi Bergþóra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Google classroom	Jafnt og þétt yfir skólaárin	Einstaklingsmiðað		Jafningjafræðsla
Mentor K-3	Ágúst 2018 2 dagar Október - Desember 2018	Innput og aðstoð	Markviss vinna á öllum stigum.	Guðný Bergþóra
Seesaw	Rafrænt "tímarit" eða ferilbók um nám einstaklinga Lokið	Innleiðing og notkun.	Allir kennarar sem kenna í 1. - 5. Bekk, námskeið og aðrir áhugasamir. Foreldrakynningar	Bergþóra
Fjölmenning	Starfsdagar nýttir. Alþjóðadagur? Grunnur og undirbúningur alþjóðadags. Hlutverk umsjónarkennar og hlutverk annarra kennara.	Styrkja alla kennara í starfi og vinnu með nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Námskeið, ráðgjöf, handleiðsla, menntabúðir.	Allir kennarar	Skólastjórnendur
Skyndihjálp ofl.	Haust 2018 Lokið		Allt starfsfólk	Skólastjóri
Hreinlæti og heilnæmt umhverfi	Stöðugt í umræði	Aðstoða skólaliða við faglega þátt starfsins	Skólaliðar	Húsvörður
Skólamenning	4 klst. á starfsdegi í mars 2018		Allt starfsfólk	KVAN
Skólamenning	1 klst. Hvernig gengur? Vorönn 2019		Allt starfsfólk	KVAN
Alþjóðatengsl	2018 - 2020 Lokið	Erasmus+ Orkunýting og loftslagsbreytingar	Náttúrufræði-kennarar	Guðný
Fab Lab	4 skipti haust 2018	Möguleikar Fab Lab fyrir grunnskólastarf	Kennari í Hönnun og smíði	Bergþóra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Núvitund	Innleiðing jafnt og þétt 2018 - 2019 Lokið	Núvitund í skólastarfi	Allir kennarar	Ásta Gylfa Guðný
Fjölbreytt námsmat	Skóalárið 2018 - 2019 Lokið	Fjölbreytt námsmat	Allir kennarar	Utanaðkomandi
Pals - lestur	Vor 2019		Miðstig ísl.kennarar 5. og 7. B Yngsta stig ísl. kennarar í 3. og 4. b	Bergþóra
Pals - stærðfræði	Maí 2019		Yngsta og mið?	Bergþóra
Streita	Mars 2019 Lokið		Allir	Bergþóra Ragnheiður G. Guðnadóttir
Blær - Vináttuverkefni	9. ágúst 2019 Lokið	Samskipti	Frístund og kennarar í 1. - 4. Bekk sem ekki hafa lokið námskeiði.	Bergþóra
Svæðisvinna	Ágúst 2019 Lokið			Kennsluráðgjafi og utanaðkomandi leiðbeinandi (Paloma)
Borgaravitund	Haust 2019 Lokið	Efling borgaravitundar- Rafræn samskipti og netnotkun	Kennarar 5. - 6. bekkja. Foreldrar og nemendur	Spjaldtölvuteymi
Hópefli og nemendamenning	Haust 2019 Lokið	Hópefli - Samskipti í árgöngum	Kennarar 5. - 6. bekkja	KVAN Stjórnendur
Uppbyggingar-stefnan	Alltaf í vinnslu eftir þörfum. Innleiðing verkáætlana haust 2019	Hópefli - Samskipti í árgöngum	Umsjónakennarar bera ábyrgð og vinna í samstarfi við aðra kennara sem koma að árgangi.	Elín og Fanney Uppbyggingarteymi
Kennsluráðgjöf	Haust 2019 Lokið		Unglingastig og miðstig	Spjaldtölvuteymi
Kennsluráðgjöf	Vorönn 2020 Lokið			Spjaldtölvuteymi
Byrjendalæsi - leiðtogar	Jan 2020 Lokið		Ólöf og Björk	Deildarstjóri yngra stigs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Blær	Jan 2020 Lokið	Samskipti	Kennarar 1. bekkjar sem áttu eftir	Deildarstjóri yngra stigs
Nýbúar í almennum bekk 1	Jan 2020 Lokið	Einstaklingsmiðað nám	Kennarar unglingastigs	Donata kennslurágjafi
Nýbúar í almennum bekk 2	Feb 2020		Kennarar miðstigs	Donata kennslurágjafi
Nýbúar í almennum bekk 3	Feb 2020		Kennarar yngsta stigs	Donata kennslurágjafi
Fjölbreytt námsmat	Ágúst 2020	Aukin fjölbreytni námsmats	Allir kennarar	Utanaðkomandi
Vellíðan í starfi - hópefli	Ágúst 2020 (frestað vegna smitvarna)	Auka samheldni í starfsmannahópnum og flýta fyrir aðlögun nýrra starfsmanna	Allir starfsmenn	Kvan
Fjölbreyttar kennsluaðferðir - snjalltæki	Haust 2020 Lokið	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar yngsta stigs	Kennsluráðgjafar
Fjölbreyttar kennsluaðferðir - snjalltæki	Haust 2021	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar yngsta stigs	Kennsluráðgjafar
Fjölbreyttar kennsluaðferðir - snjalltæki	Haust 2022	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar yngsta stigs	Kennsluráðgjafar
Rafrænir kennsluhættir	Haust 2020 Lokið	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar 5. bekkjar	Kennsluráðgjafar
Rafrænir kennsluhættir	Haust 2021	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar 5. bekkjar	Kennsluráðgjafar
Rafrænir kennsluhættir	Haust 2022	Nýting snjalltækja í almennri kennslu	Kennarar 5. bekkjar	Kennsluráðgjafar
Verkfærakistan - samskiptafærni	Veturinn 2020-2021	Samskipti í nemendahópum	Umsjónarkennarar 4.-8. bekkja??	Kvan
Byrjendalæsi 1	Ágúst 2020 Lokið		Kennarar yngsta stig sem ekki hafa farið á námskeið	HA
Upplýsingatækni og nýsköpun	Sept 2020 Lokið	Þróun kennsluhátta og nýsköpun í skólastarfi	Kennarar af öllum stigum	Utís online Skólastjóri
Erfið samskipti við foreldra/forráðamenn	Ágúst 2021 Lokið	Hjálpa kennurum við að eiga erfið samtöl	Allir kennarar	Skólastjórnendur og Eyþór Eðvarðsson ráðgjafi frá Þekkingarmiðlun

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11.2026

Skyndihjálp	Ágúst 2021 Lokið	Fyrsta hjálp	Allir starfsmenn	Skólastjóri og leiðbeinendur frá Vinnuvernd
Samskipti starfsmanna	Ágúst 2021 Lokið	Jákvæð samskipti á vinnustað	Starfsmenn aðrir en kennarar	Menntasvið og Helgi Héðinsson frá Líf og sál
Spjaldtölvur í frístundastarfi	Ágúst 2021 Lokið	Aukin fjölbreytni í frístundastarfi	Frístundaleiðbeinendur	Menntasvið Kópavogs
Uppeldi til ábyrgðar - hvatning	Ágúst 2021 Kennarar 18. Águst Lokið	Efla starfsmenn í að nota uppeldisaðferðina	Allir starfsmenn	Teymi um Uppeldi til ábyrgðar
Nemendur með ADHD	Skólaárið 2021-2022 31. ágúst 2021 Lokið	Efla kennara í að vinna með nemendur með ADHD í almennum bekk	Allir kennarar	Frá Menntasviði Þórdís Bragadóttir sálfræðingur
Vinnuvistfræði	Haust 2021 7. sept. 2021 Lokið	Fræða kennara um líkams- og raddbeitingu auk umhverfisþátta í kennslu	Allir kennarar	Svala Helga Sigurðardóttir iðjuþjálfi
Börn í sorg og skólasamfélagið	Haust 2021 21. Sept. Lokið	Fræðsla um sorg og sorgarviðbrögð barna og hvernig unnið er með það í skólastarfi	Allir starfsmenn	Ína Sigurðardóttir frá Sorgarmiðstöðinni.
Samskipti barna og fullorðinna	Mars 2022 Lokið	Fræðsla um samskipti og hvernig á að byggja upp samskipti við börn	Allir kennarar og hluti annarra starf	Jóhann Pétur Herbertsson fjölskyldufræðingur - Tröð
Uppeldi til ábyrgðar - grunnnámskeið	Mars 2022 Lokið	Fræðsla um Uppeldi til ábyrgðar og hvernig það er skipulagt í skólastarfið	Nýir starfsmenn sem ekki hafa farið á grunnnámskeið eftir 2019	Sveinbjörn Markús Njálsson frá félaginu Uppbygging

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Enn fjölbreyttari kennsluaðferðir	Mars 2022 Lokið	Hvernig má aðlaga kennsluaðferðir að þörfum barna	Valdir kennarar og stuðningsfulltrúar	Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, Sigurður Haukur Gíslason og Kristín Björk Gunnarsdóttir kennsluráðgjafar
Þróun kennsluhátta	Skólaárið 2022-2023 Fræðsla og námskeið í ágúst Lokið Fræðsla á skólaárinu	Þróun kennsluhátta í takt við breytingar í þjóðfélaginu	Allir kennarar	Skólastjórnendur og Björgvin Ívar Guðmundsson frá HÍ og Hjalti Halldórsson kennarar í Langholtsskóla
Uppeldi til ábyrgðar - framhaldssnámskeið	Skólaárið 2022-2023	Auka leikni starfsmanna í að beita aðferðinni í daglegum samskiptum.	Allir starfsmenn	Teymi um Uppeldi til ábyrgðar
Aukin samkennd starfsmanna	Skólaárið 2022-2023	Náms- og kynnisferð til Alicante og hópefli eftir Covid	Starfsmenn skrá sig	
Hinsegin fræðsla	Ágúst 2022 Lokið	Auka þekkingu starfsmanna á málefnum hinsegin fólks	Allir starfsmenn	Margrét Sigurðardóttir frá Samtökin 78
Þjónusta við börn og fjölskyldur, tilkynningar og starfsemi Barnaverndar	Ágúst 2022 Lokið	Kynning á þjónustu barnaverndar og hlutverki skólafólks	Allir starfsmenn	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir frá Barnavernd Kópavogs
Fjölbreyttir kennsluhættir	Námskeið í ágúst 2022 og eftirfylgni á skólaárinu	Kynning á Sprellifix námsleiðinni sem notuð er í Langholtsskóla	Allir kennarar	Björgvin Ívar Guðbrandsson frá HÍ og Hjalti Halldórsson frá Langholtsskóla

Ath: sum þessara atriða eru í stöðugri vinnslu og eru því ekki skráð ,,Lokið“

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Starfsþróun kennara.

Þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi er rædd í starfsþróunarsamtali. Kennarar nýta námsstyrkjasjóð sinn til að efla sig sem fagmenn í starfi. Ef sjóður viðkomandi kennara er upp urinn má alltaf semja um greiðslur vegna þess við skólastjóra. Skólastjóri tekur mið af starfsþróunaráætlun og stefnu skólans við mat á fyrirgreiðslum.

Starfsþróunaráætlun var uppfærð í september 2022.

Rýmingaráætlun

Á hverju skólaári fara kennarar yfir rýmingaráætlun með nemendum sínum og skólastjórnendur með starfsmönnum skólans. Tvær rýmingaræfingar eru framkvæmdar á hverju skólaári, önnur fyrir áramót og hin eftir áramót. Að æfingum loknum er farið yfir hvernig til tókst og lögð áhersla á að leiðrétta það sem betur má fara. Veturinn 2017-2018 voru allar öryggisteikningar af skólahúsnæðinu endurgerðar og rýmingarleiðir og öryggistæki gerð meira áberandi en á eldri teikningum.

Rýmingaráætlun við eldsvoða og/eða öðru hættuástandi

1. Þegar eldvarnakerfi skólans fer í gang fara nemendur í röð inni í stofunni en bíða þar til bjalla er endurræst og gengur stöðugt.

2. Kennari athugar hvaða útgönguleið er fær og velur alltaf stystu leiðina.

3. Ef allar útgönguleiðir á gangi eru lokaðar á að halda kyrru fyrir í stofunni og kennari gerir vart við sig í glugga.

4. Kennari stendur við dyr kennslustofu og sér til þess að allir nemendur yfirgefi stofuna. Nemendur fylgja kennara á fyrirfram ákveðið svæði. Vanti einhvern nemanda skal tilkynna það til deildarstjóra skólans.

5. Þegar út er komið yfirfara deildarstjórar og ritari nafnalista með kennurum. Skólastjóri eða staðgengill hans gefur síðan fyrirmæli um hvað skal gera.

6. Nemendur halda hópinn þar til annað er ákveðið. Óheimilt er að yfirgefa skólalóðina nema að fyrirmælum skólastjóra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Við dyr allra kennslustofa eiga að vera vasar með bekkjarlistum og vasaljósi sem kennari skal taka með sér.
- Kennarar kynna nemendum þau svæði (svæði A er leikvöllur við Skólatröð og svæði B er völlur við Vallartröð) sem þeir eiga að safnast saman á. Svæði A er alltaf fyrsti valkostur nema reyk leggi yfir það.
- Ritari skal ávallt taka með sér nemendaskrá og fjarvistaskrá þegar hann yfirgefur bygginguna.
- Deildarstjórar fara strax út.
- Kennarar loka stofuhurðum á eftir sér til að loka af reyksvæði.
- Stuðningsfulltrúar og skólaliðar taki sér stöðu við útidyr.
- Kennarar list- og verkgreinahópa sjá til þess að nemendur sömu deildar myndi einn hóp þegar út er komið.

Ritari skal sjá um skráningu á starfsmönnum er út er komið.

Viðbrögð við vá

Óveður

1. Skóla er aldrei lokað í óveðri nema fyrir tilstilli almannavarnanefndar. Foreldrar verða að geta treyst því að skóli sé opinn hafi almannavarnir eða skólaskrifstofa ekki gefið út sérstaka tilkynningu um annað.

2. Ætlast er til að foreldrar meti sjálfir hvort þeir senda börn sín í skóla þegar óveður geisar. Sé þeim haldið heima þarf að tilkynna það til skóla eins og önnur forföll. Séu börnin hins vegar send í skóla er þess vænst af foreldrum að þeir fylgi börnum sínum í skólann og sæki þau að loknum skóladegi.

3. Ætlast er til þess af þeim kennurum sem kenna í síðasta tíma á stundaskrá hvers bekkjar að þeir sjái svo um að börnin fari ekki ein út í óveður að afloknum skóladegi. Heimferð þeirra sé tryggð - ella sé börnunum haldið í skóla þar til foreldrar sækja þau eða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar.

4. Telji foreldrar vafasamt að senda börn í skóla vegna óveðurs áréttar skólinn að aldrei sé teflt í tvísýnu, öryggi barnanna sitji ávallt í fyrirrúmi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

5. Verði símasambandslaust við skólann þegar óveður geisar er ætlast til þess að börnin verði kyrr í skóla þar til þau verða sótt eða þeim tryggð örugg heimferð (sjá lið 3).

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur einnig gefið út leiðbeiningarefni sem er að finna á http://www.kopavogsskoli.is/aaetlanirforvarnir/ovedursvidbrogd/

Viðbrögð vegna veikindafaraldurs

Kópavogsskóli hefur aðlagað viðbragðsáætlun Almannavarna vegna veikindafaraldurs. Áætlunin er birt á heimasíða skólans og hana má nálgast hér http://www.kopavogsskoli.is/aaetlanirforvarnir/influensa---vidbragdsaaetlun/

Viðbrögð vegna jarðskjálfta

Fyrstu viðbrögð vegna jarðskjálfta eru eftirfarandi:

- Fara í opnar dyr eða út í horn burðarveggja og standa þar
- Fara undir borð við veggi
- Forðast háreist húsgögn
- Sýna stillingu
- Forðast vanhugsaðar aðgerðir

Rýmingaráætlun tekur við eftir fyrstu viðbrögð.

Fyrstu viðbrögð vegna eldgosa

Verkreglur rýmingaráætlunar gilda.

Skólaakstur

Námsver Kópavogsskóla er fyrir nemendum úr öllum skólahverfum bæjarins. Innritaðir nemendur í Námsver sem búa í öðrum skólahverfum eiga rétt á akstri til og frá skóla. Umsjónarmaður Námsvers skipuleggur aksturinn í samráði við foreldra viðkomandi barna og tengilið ferðaþjónustufyrirtækis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Þeir nemendur Kópavogsskóla sem eru í íþróttakennslu í Smáranum er ekið frá og til skóla í íþróttatíma. Sama gildir um sundkennslu, nemendum er ekið milli skóla og Sundlaugar Kópavogs.

Skólamáltíðir

Mötuneytiseldhús Kópavogsskóla var stækkað og endurgert sumarið 2018 og allur matur er eldaður í skólanum. Nemendur eru skráðir í mataráskrift í Þjónustugátt Kópavogsbæjar og það á einnig við um síðdegishressingu nemenda í frístund. Gjaldskrá er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Aðrar upplýsingar

Á heimasíðu Kópavogsskóla, www.kopavogsskoli.is, er að finna upplýsingar um mun fleiri atriði en er að finna í þessari starfsáætlun. Þær upplýsingar eru uppfærðar reglulega enda mikilvægt að foreldrar geti nálgast rétta upplýsingar um þau atriði sem þeir þurfa. Grunnurinn að starfsáætluninni er ræddur í skólaráði i lok hvers skólaárs og hefðbundnar uppfærsluupplýsingar settar inn í upphafi nýs skólaárs og yfirfarnar á fundi ráðsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026